



Sýslumannafélag Íslands

Ránarbraut 1, 870 Vík, S-4884300

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 136/359
komudagur 9.12.2008

Umsögn um frumvarp til breytinga á tollalögum nr. 88/2005 og fleiri lögum- þskj. 240 – 193. mál.

Sýslumannafélag Íslands fagnar framkomnu frumvarpi um breytingar á tollalögum, þar sem gert er ráð fyrir að Ísland verði eitt tollsvæði í stað átta, eins og nú er. Þó nokkur umræða hefur farið fram, bæði hjá sýslumönnum sem fara með tollstjórn og á aðalfundi sýslumannafélagsins, en þær umræður hafa leitt í ljós að flestir ef ekki allir sýslumenn og núverandi tollstjórar, telja það framfararskref og til mikillar hagræðingar að tollstjórn verði á einni hendi og að landið verði gert að einu tollsvæði. Þá háttar þannig til að sýslumenn hafa lýst yfir vilja til þess að hýsa starfsaðstöðu tollgæslu og þar sem þess er þörf, jafnframt veita sérfræðiráðgjöf. Eftir að hafa farið yfir fyrrgreint frumvarp vill sýslumannafélag Íslands einvörðungu koma á framfæri örfáum athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér að neðan.

1. Lög nr. 88/2005, tollalög og boðaðar breytingar á þeim.

Sýslumannafélagið hefur engar athugasemdir vegna væntanlegra breytinga á ákvæðum þeirra laga.

2. Lög nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna og boðaðar breytingar á þeim.

Sýslumannafélagið vekur athygli á að í 29. gr. frumvarps til laga um breytingu á tollalögum og fleiri lögum m.a. lögum nr. 43/1987, (þar er verið að breyta 3. gr. laga nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna, með síðari breytingum) segir:

„Tollstjóri er lögskráningarstjóri í Reykjavík og sýslumenn eru lögskráningarstjórar hver í sínu umsæmi. Utan aðsetursstaða sinna er sýslumönnum heimilt að fela hreppstjórum að annast lögskráningar. Einnig er þeim heimilt að skipa fulltrúa til að annast lögskráningar á aðsetursstöðum sínum ef þess gerist þörf. Hreppstjórar og lögskráningarfulltrúar skulu hafa eftirlit með skráningu og skila yfirliti til sýslumanna um lögskráningar í umdæmum sínum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Verði þeir varir við að ekki er farið eftir fyrirmælum laga þessara um lögskráningu skulu þeir tafarlaust tilkynna meint brot til hlutaðeigandi sýslumanns og skipstjóra. Sýslumenn hafa eftirlit með lögskráningarfulltrúum í umdæmum sínum.“

Á það skal bent að sýslumaðurinn í Reykjavík er jafnframt sýslumaður í sveitarfélögunum Seltjarnarnesi, Mosfelisbæ, og Kjósarhreppi, sbr. 2. gr. laga nr. 89/1992 um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Til að taka af tvímæli um hver teljist lögskráningarstjóri í þessum sveitarfélögum kynni að fara betur á að orða upphaf greinarinnar með öðrum hætti. Þá þykir mega vekja athygli á því að ekki er vitað til að nokkur sýslumaður hafi hreppstjóra á sínum snærum lengur. Því mætti að ósekju taka þá út þar sem um þá er fjallað í fyrrgreindri lagagrein og legur sýslumannafélagið til að fyrrgreind 3. gr. laga um nr. 43/1987 verði sem hér segir:

Tollstjóri er lögskráningarstjóri í umdæmi sýslumannsins í Reykjavík en aðrir sýslumenn eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi.

Utan aðsetursstaða sinna er sýslumönnum heimilt að skipa fulltrúa til að annast lögskráningar, ef þess gerist þörf. Lögskráningarfulltrúar skulu hafa eftirlit með skráningu og skila yfirliti til sýslumanna um lögskráningar í umdæmum sínum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Verði þeir varir við að ekki er farið eftir fyrir mælum laga þessara um lögskráningu skulu þeir tafarlaust tilkynna meint brot til hlutaðeigandi sýslumanns og skipstjóra. Sýslumenn hafa eftirlit með lögskráningarfulltrúum í umdæmum sínum.

Ísafirði 8. desember 2008,

F.h. Sýslumannafélags Íslands,

Kristín Völundardóttir, ritari.